

Gönguferð! Nice og Suður Alparnir

28 ágúst til 4 september 2023



Dagur 1 : NICE

Flug til Nice

Tekið á móti hópnum á flugvellingum og keyrt á hótél í miðbæ Nice.

Hótél í Nice

Dagur 2 : NICE

Göngum í gamla bænum og skoðum blóma og grænmetismarkaðinn.

Eldum saman með matreiðslumeistara frá Nice uppskriftir af svæðinu.

Frjáls tími eftir hádegi.

Nóg er að skoða í Nice, margar fallegar kirkjur og kapellur, rómantísk stræti og torg sem iða af mannlífi, kastalahæðina og síðast en ekki síst gönguleið Englendingans „Promenade des Anglais“ en svo nefnist göngugatan meðfram ströndinni.


Kvöldmatur frjáls.

Hótél í Nice



Dagur 3 : Fjallaskörðin til SAINT MARTIN VÉSUBIE.

Höldum til fjalla“Alpes Maritime“



Ökum til Coaraze og skoðum hinar fallegu kirkjur og listrænu sólarúr bæjarins. Höldum þaðan til Luceram og svo til Turini Camp d'Argent. Þaðan haldið niður í Vésubie dalinn í gegnum La Bollène-Vésubie og Roquebillière og svo upp til Saint Martin Vésubie.

Hádegismatur tekin í einhverju þorpinu á leiðinni.

Kvöldmatur á Hóteli.

Hótel í Berthemont eða Saint Martin Vésubie. (Sama hótel verður alla dagana í fjöllum)

Dagur 4 : LACS DES MILLEFONTS

Keyrt yfir til Saint Dalmas og upp í fjöllin þar norður af. Stoppað í um 2000 mtr. hæð og farið í göngu upp að vötnunum „Lacs des Millefonds“ með leiðsögumanni.

Nestis Stopp á leiðinni.

Eftir gönguna verður stoppað í Saint Dalmas og skoðuð kirkjan sem er frá 12 öld og var reist af krossförum. Að því loknu verður heimsótt lítill ölgerð, fengin þar apertif, smakkað á framleiðslunni.

Keyrt til baka á hótel.

Kvöldverður á hóteli.



Dagur 5 : LA MADONE DE FENESTRE – LE BORÉON

Keyrt upp að fjallaklaustrinu La Madone de Fenestre og það skoðað.

Þaðan verður farið í göngu í gegnum stórbrotið landslag með leiðsögumanni að Le Boréon og komið þangað síðdegis. Snætt verður nesti á leiðinni.

Haldið til baka á hótel.

Kvöldmatur á hóteli.



Dagur 6 : LA GOROLASQUE / LA COLMIANE

Í boði er að fara í göngu dagsferð um dalinn La Gordolasque. En þar er hægt að sjá fjallageitur í sínu náttúrulega umhverfi.



Það verður einnig í boði að fara í La Colmiane, skíða- /úttivistarsvæði, en þar er hægt að finna mjög fjölbreytta afþreyingu eins og t.d.: Taka flugið í sviffallhlíf (paraglider) í fjallasalnum með leiðbeinanda; Renna sér í lengstu sviflínu (Zipline) Evrópu; Fara á bobsleða á einteinungi niður skíðabrekkurnar, Klifra á milli trjána í þrautabrautum, minigolf, klifur, o.s.fr.v....



Eða bara njóta þess að vera upp á fjöllum í rólegheitum.

Kvöldmatur á hóteli

Dagur 7 : FJALLAHAGAR GEITASMALANS - NICE

Farið í heimsókn til geita og geitahirðis upp í fjallahaga. Fáum að smakka geitaost.

Eftir hádegi verður keyrt aftur niður í Nice

Hótel í miðbæ Nice

Kvöldmatur Frjáls.

Dagur 8 : NICE

Frjáls dagur í Nice

Keyrt út á flugvöll um kvöldið og flogið til Íslands.



Innifalið í verði er:

Hótel 3 stjörnu með morgunmat í Nice.

Hótel 3 stjörnu með öllu innifalið upp á fjöllum.

Keyrsla frá og til flugvallar.

Keyrsla samkvæmt prógrammi í smárútu með loftkælingu.

Leiðsögn af viðurkenndum leiðsögumann í öllum fjallgöngum.

Bjór og ostur í skipulögðum heimsóknum.

Ekki innifalið

Hádegis og kvöldverðum í Nice

Auka drykkir

Afþreying í La Colmiane.

Verð á mann 290.000kr í tveggja manna herbergi

Tillögur um h6tel í Nice :

H6tel Florence, 3 stj6rnu. <https://www.hotel-florence-nice.com/>

Till6gur um h6tel í fj6llum :

H6tel Les Portes du Mercantour, 3 stj6rnu. <https://lesportesdumercantour.fr>

M6guleiki er a6 uppfæra í 4 stj6rnu h6tel, en þá bætist mismunur við uppgafi6 ver6.

T.d. í NICE : H6tel NH NICE. <https://Nh-hotels.com>

E6a upp á Fj6llum : Pure mountain resort <https://puremontagneresort.fr>

H6purinn þarf a6 vera á milli 8-12 manns.

Vera í g6ðu g6nguformi, rá6a við 500 metra í hækku.